

Föstudaginn 18. marz 1966.

Nr. 23/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Þórði Þorsteinssyni (Hörður Ólafsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Helgidagalöggjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hafði ákærði opna sölu-
búð í húsi sínu við Kársnesbraut í Kópavogi föstudaginn
langa, 10. apríl 1965, páskadag, 18. apríl s. á., og að kvöldi
hvítasunnudags, 6. júní s. á., og seldi þar blóm og blóma-
skreytingar. Varðar þessi háttsemi ákærða við 2. gr. sbr. 7.
gr. laga nr. 45/1926. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 45/1926, sbr.
lög nr. 14/1948, þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega
ákveðin kr. 500.00 sekt til bæjarsjóðs Kópavogs, og komi
2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd
innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar
með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.500.00, og mál-
flutningslaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti,
samals kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Þorsteinsson, greiði kr. 500.00 sekt til
bæjarsjóðs Kópavogs, og komi 2 daga varðhald í stað
sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá
birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með tal-
in saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.500.00, og mál-
flutningslaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti,

Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, samtals kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 18. janúar 1966.

Ár 1966, þriðjudaginn 18. janúar, var á dómþingi sakadóms Kópavogs, sem háð var í Borgartúni 7 í Reykjavík, af Jóni A. Ólafssyni setudómara kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 5965/1965: Ákærvaldið gegn Þórði Þorsteinssyni, sem tek-ið var til dóms 10. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 11. október s.l., höfðað gegn ákærða, Þórði Þorsteinssyni, garðyrkjumanni og blóma-sala, Sæbóli við Kársnesbraut, Kópavogi, fyrir að hafa haft opna sölubúð í Blómaskálanum við Kársnesbraut í Kópavogi á föstu-daginn langa, 16. apríl 1965, páskadag, 18. apríl 1965, og að kvöldi hvítasunnudags, 6. júní 1965, þar sem fram fór sala á blómum og blómaskreytingum, unz lögreglumenn í tveimur fyrri tilvikunum stöðvuðu sölustarfsemina og innsigliðu útidyr sölu-búðarinnar.

Telst þetta varða við 2. gr. sbr. 7. gr. sbr. 8. gr. laga um al-mannafrið á helgidögum Þjóðkirkjunnar nr. 45/1926, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 29. marz 1902 í Vigur, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Sakavottorð ákærða er svohljóðandi:

1947	6/5	í Reykjavík:	Sátt, 1000 kr. sekt fyrir verðlagsbrot.
—	2/10	- —	Áminning fyrir ólæsilegt skrásetn-ingarmerki.
—	16/5	- Hafnarfirði:	Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 14. gr. bifreiðalaga.
—	24/7	- —	Áminning fyrir ólöglegt afturnúmer bifreiðar.
1953	14/1	- Reykjavík:	Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1954	11/5	- —	Áminning fyrir brot á 12. gr. lögreglu-samþykktar.
1960	4/11	- Kópavogi:	Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

1960	27/12	í Kópavogi:	Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlaga- brot.
1961	20/9	- —	Áminning fyrir brot á lögreglusam- þykkt Reykjavíkur.
1963	29/5	- —	Áminning fyrir brot á umferðar- lögum.
1964	25/6	- —	Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga.
—	29/7	- —	Áminning fyrir brot á 46. gr. i. f. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Á páskadag, 29. marz 1964, kærði lögreglan í Kópavogi ákærða fyrir að hafa Blómaskálann í Kópavogi opinn til verzlunar. Það mál var til lykta leitt með eftirfarandi áritun á bakhlið lögreglu-
skýrslunnar: „Fellt niður skv. lögjöfnun við 2. gr. laga nr. 45/
1926. Þórður Þorsteinsson“. Áritunin er ódagsett og óundirrituð af Skúla Thorarensen, þáverandi fulltrúa bæjarfógeta, er lauk málinu.

Fulltrúinn hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að ekki hafi verið sett dómþing við afgreiðslu málsins og engar skýrslur teknar út af kærinni, hvorki dóm- né lögregluskýrslur, og sér hafi láðst að undirskrifa áritunina. Eftir þessa afgreiðslu leitaði ákærði til fulltrúans og spurði hann, hvort óhætt væri að hafa opið á helgidögum. Svaraði fulltrúinn því til, að hann teldi útilokað, að lokun yrði beitt á ný og hafði þá í huga, að lögreglan hefði tekið upp á eigin spýtur að beita lokun umræddan dag, og var hann búinn að starfa við embættið á þriðja ár, og á þeim tíma hafði aldrei verið kært út af blómasölu, þótt ákærði ræki blómasölu allan tímann.

Föstudaginn langa, 16. apríl 1965, veitti lögreglan því athygli, að ákærði hafði Blómaskálann opinn og viðskipti fóru þar fram. Fóru þeir fram á það við ákærða, að hann lokaði búðinni, en hann tók því fjarri. Höfðu lögreglumennirnir þá samband við Ingi-
berg Sæmundsson varðstjóra og hann við bæjarfógeta, sem úr-
skurðaði lokun verzlunarinnar. Settu lögreglumennirnir þá inn-
sigli fyrir útidyr verzlunarinnar og fleiri dyr, og var þetta gert kl. 1120. Mótmælti ákærði þessum aðgerðum og bar fyrir sig ofangreindar lyktir á fyrra máli.

Næsta páskadagsmorgun, eða þann 18. apríl kl. 1030, veittu lögreglumenn því athygli, að ákærði hafði opið á nýjan leik, og

afgreidd voru blóm í verzlun hans. Var Ingibergi Sæmundssyni varðstjóra tilkynnt um þetta, og fyrirskipaði hann, að ákærða yrði skipað að loka ella yrðu allar dyr hússins innsiglaðar. Þessi ákvörðun var tilkynnt ákærða, sem neitaði og taldi sér óskýlt að víkja af sínu heimili og að honum væri heimilt að afgreiða að eigin geðþótta blóm og bar enn fyrir sig lyktir málsins frá því á páskum árið á undan. Lögreglumennirnir báðu ákærða eftir þessi orðaskipti að víkja úr húsinu, en hann neitaði. Var nú haft samband við bæjarfógeta, og gaf hann fyrirmæli um að loka staðnum með innsigli embættisins og beita valdi, ef nauðsynlegt reyndist. Þegar til kom, vék ákærði þó mótþróaust úr húsinu.

Vegna ofangreindra atburða mætti ákærði í sakadómi Kópavogs 20. apríl. Dómari var Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti. Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa selt blóm bæði á föstudaginn langa og páskadag svo og kistuskreyingu og kross á föstudaginn langa, en þessir munir hafi eingöngu verið úr blómum. Jafnframt tók ákærði fram, að hann hefði alltaf lokað á hádegi á stórhátíðum Þjóðkirkjunnar, þ. e. föstudaginn langa og páskadag, en mjög sjaldan nokkuð opið á hvítasunnudag. Enn upplýsti ákærði, að hann hefði selt blóm á stórhátíðum í 36 ár og af þeim tíma haft opna sölubúð í Kópavogi í 6—7 ár.

Ákærði bar, að hann hefði búið sig undir sölu á þessari stórhátíð, þar eð hann hefði talið sig algerlega frjálsan að því vegna niðurfellingar á kærinni frá árinu á undan.

Undir lok ofangreinds réttarhalds áskildi ákærði sé rétt til að sækja bæjarfógetann um bætur vegna fjárhagstjóns og miska. Þegar þennan sama dag vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu af sjálfsdáðum vegna ofangreindrar yfirlýsingar ákærða, og var setudómari skipaður í málinu 3. maí.

Loks að kvöldi hvítasunnudagsins, 6. júní s.l., veittu lögreglumenn því athygli, að Blómaskálinn hjá ákærða var opinn, og fólk gekk þar út og inn og kom út með blóm. Þegar í réttarhaldi hinn 8. sama mánaðar vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu af sjálfsdáðum og af sömu ástæðum og fyrr, og setudómarinn í fyrri þáttum málsins fékk það til meðferðar 9. júní.

Ákærði mætti í sakadómi út af síðastgreinda atvikinu 22. júní. Þá bar ákærði, að það hefði verið áform sitt að opna Blómaskálann í því skyni að stunda þar verzlun á hvítasunnudag. Ákærði hafði komið þangað um kl. 2115 til að fá „gegn um trekk“, þar eð óeðlilega heitt var þarna inni eftir lokun allan daginn.

Meðan á þessu stóð, komu þarna þrenn hjón, og sökum beiðni þeirra seldi ákærði þeim blóm. Var aðeins um að ræða þrjá blóm-vendi, sem hver kostaði kr. 150.00. Um frekari sölu var ekki að ræða á hvítasunnudag.

Samkvæmt ósk skipaðs verjanda ákærða, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, í réttarhaldi 8. desember s.l., sneri dóm-arinn sér þegar næsta dag þréflega til bæjarfógetans á Akur-eyri, sýslumannsins í Árnessýslu og lögreglustjórans í Reykjavík með ósk um upplýsingar á framkvæmd laga nr. 45/1926 á Akur-eyri, Hveragerði og Reykjavík, eftir að blómasala fór að tíðkast.

Í bréfi bæjarfógetans segir m. a.: „... Blómasala hér hefur a. m. k. s.l. 20 ár eingöngu farið fram í venjulegum verzlunum, að því er mér er kunnugt um, sem hlíta venjulegum lokunartíma sölubúða, en hafa fengið undanþágu til að hafa opið einstöku sunnudaga, s. s. á mæðradaginn. Garðyrkjustöð er engin hér í bænum, er selur blóm.“

En bréf sýslumannsins er svohljóðandi: „Út af fyrirspurn í bréfi yðar, hr. setudómari, dags. 9. f. m., vil ég taka fram, að hér í umdæminu hefur ekki komið til meðferðar neitt mál út af óleyfilegri blómasölu eftir l. nr. 45/1926.“

Í Hveragerði eru allmargir blómaframleiðendur, sem aðallega senda framleiðslu sína til verzlana í Reykjavík, en sumir hafa komið sér upp söluaðstöðu í gróðurhúsum sínum eða vinnuskál-um og eiga þar viðskipti, einkum við ferðamenn, sem aðallega eru á ferð um helgar. Þessi sölustarfsemi hefur ekki sætt neinum afskiptum samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1926.“

Loks segir lögreglustjórinn í bréfi sínu, dagsettu 6. þ. m., m. a.: „... Blómabúðir hafa alla tíð sætt sömu reglum um lokun-artíma og aðrar almennar sölubúðir. Fáar undanþágur hafa verið veittar í þeim efnunum og þá eingöngu bundnar við sérstök tilefni, eins og t. d. mæðradaginn.“

Lögreglan hefur hins vegar ekki haft afskipti af blómasölu úr gróðrarstöðvum í lögsagnarumdæminu.“

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða er því haldið fram, að sýkna beri ákærða, þar sem ofangreindar lyktir málsins frá árinu 1964 hafi verið rétt niðurstaða þess kærumáls vegna háttsemi, sem sé nákvæmlega sú sama og ákært er út af, og að dómari þessa máls sé bundinn af þeirri dómsathöfn, jafnvel þótt hann teldi þá niðurstöðu ranga.

Í 2. gr. l. nr. 45 frá árinu 1926 er almennt bannað, að kaup og sala fari fram á helgidögum þjóðkirkjunnar í sölubúðum kaup-

manna, kaupfélaga og annarra sölumanna, og eiga búðir þeirra að vera lokaðar. Auk þess eru í greininni undantekningar í 5 liðum frá banninu. Það undantekningarákvæði verður að telja tæmandi og lögjöfnun því óheimil. Úrlausn dómara í eldra samkynja máli getur að engu bundið hendur dómara þessa máls, þar eð fordæmi, jafnvel æðra dóms, eru ekki beinlínis bindandi í öðrum samkynja málum.

Dómurinn telur sannað með eigin játningu ákærða, sem styðst við önnur gögn málsins, og með skírskotun til ofangreinds, að ákærði hafi gertz sekur um þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir og þar er réttilega færð til refsíákvæða.

Rétt þykir, sbr. 3. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að refsing fyrir brotið á föstudaginn langa, 16. apríl, falli niður, en refsing hans fyrir brotin á páskadag, 18. apríl 1965, og á hvítasunnudag, 6. júní 1965, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin samkvæmt 8. gr. 1. nr. 45 frá árinu 1926, sbr. 1. nr. 14 frá árinu 1948, kr. 2.500.00 í sekt til bæjarsjóðs Kópavogs, en vararefsing varðhald í 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 4.000.00, til skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar lögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Þorsteinsson, greiði 2.500.00 króna sekt til bæjarsjóðs Kópavogs, en sæti varðhaldi 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar lögmanns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.
